

SIGMUNDAR ÞÁTTUR SNAGA

Monumentum aere perennius.
Horatius.

I

Í Heimskringlu segir svo, að í orrustunni þar sem Hákon konungur góði fékk banasár, hafi Íslendingurinn Þórálfur hinn sterki Skólmsson gengið á aðra hlið konungi. Liggur nærri að ætla, að Þórálfur hafi verið til þessa valinn, af því að konungur hefir honum treyst betur en öðrum. Og hefir þó mikið til þurft, því að „Hákon konungr valdi menn mjök í hirð með sér at afli ok hreysti“, segir Snorri.

Þegar ég las hjá Jósephó Flavíó, að Títus, hinn mesti kappi, seinna keisari Rómverja, hefði valið þann mann til að vera við hlið sér í orrustum, sem sterkastur var og fræknastur í rómverska hernum, þá virtist mér sem þarna væri stuðningur við þá tilgátu, að Þórálfur Skólmsson hafi nú einmitt af sömu rökum verið við hlið Hákonar konungs í orrustunni á Stord.

II

Hér skal nú nokkuð sagt af íslenskum kappa, sem miklu síðar var uppi en Þórálfur Skólmsson, en var, eins og honum, betur treyst en öðrum í mannaunum. Mun hann hafa verið með allra fræknustu mönnum hér á landi á Sturlungaöld, en hefir ekki frægð hlotið að verðleikum.

Þessi maður var Sigmundur snagi, ef til vill þannig nefndur af hæð. Var hann með í Grímseyjarför þeirra feðga Sighvats og Sturlu, en þeir fóru til að hefna Tuma Sighvatssonar, sem menn Guðmundur góða Hólabiskups höfðu drepð. Er svo að sjá sem Sigmundi hafi verið valin lík staða með Sturlu og Þórálfi Skólmssyni með Hákonni konungi, og rómverska kappanum með Títusi. En svo segir í sögunni af

þessari Grímseyjarför (St. II, sl. 107—8): „Þeir Sturla hljópu þá fyrir borð er skipin stóðu grunn, ok gengu þar upp; þar var brúk ok mól fyrir ofan. Þar stóðu biskupsmenn á ofanverðu brúkinu. Sturla tók til orða: „Þar er Aron fjandinn uppi; látum vér hann eigi undan komask“. Hljóp Sturla þá uppá brúkit ok Sigmundr snagi á aðra hönd honum. Aron lagði til Sturlu, ok bað hann þar at sækja, kvað vera merkit, vápn Tuma bróður hans. Sturla lagði á móti til Arons í kinnina ok um þveran munninn ok út um aðra kinnina. Aron lagði þá ok á móti til Sturlu, svá at hann fell á hliðina á brúkinu, ok bar brynjuna af lærinu; vildi Aron þar þá til leggja, en Sigmundr snagi kastaði yfir hann skildi, ok kom þar í lagit“.

Sést þarna, að vaskleiki Sigmundar bjargar Sturlu.

III

Ennþá skýrari hugmynd um, hversu frábær hreystimaður Sigmundur snagi muni hafa verið, fáum vér þó þar sem segir frá dauða Sigmundar, og með hverjum hætti hann bar að. Sigmundur bjó „at Eyðihúsum út frá Fáskrúðarbakka“, en Aron Hjörleifsson sat um hann og með honum sá maður, er Starkaður hét og var kallaður kjappi, og mun hafa verið ekki lítill fyrir sér. Segir nú svo: „Þeir Aron voru hinn níunda dag jóla í stakkgarði einum; en þaðan skamt var annarr garðr er Sigmundr færði hey ór ok annarr maðr með honum, ok vildi Aron eigi á hann leita. En um kveldit er niðmyrkr var á, fóru þeir heim til Eyðihúsa. Var Aron úti hjá durum, ok stóð við kampinn er hlaðinn var af vegginum. Starkaðr fór inn ok kvaddi sér greiða. Sigmundr var einn karla heima ok hafði háttat í dagsljósi, er frjádagr var. Helga frilla Sigmundar kvað ekki vatn inni, en börn vildu drekka. Sigmundr bað sér fá skjólur, og lézk taka mundu vatn. Starkaðr bauð at fara með honum. Hann játti því. Gengu þeir til dura. Starkaðr var hámæltr, ok bað Sigmund ganga fyrir. En er Sigmundr kom út úr durunum, lagði Aron í gegn um hann með saxinu Tumanaut; var þat banasár. Síðan fóru þeir inn ok ráku fólk alt í stofu, en bjoggu búi

sem þeim líkaði, ok váru þeir þar meðan myrkt var“.

Þessi saga sýnir, að þótt Aron væri hinn mesti kappi og væri við annan mann, þá treysti hann sér ekki til að berjast við Sigmund, heldur myrðir hann í myrkri. Því að morð er eina rétta orðið um slíkt athæfi.

Til er sérstök saga um Aron Hjörleifsson, og er fróðlegt að athuga, hvernig þar er sagt frá þessu verki Arons (St. IV, s. 204): „Sigmundr bjó þann vetr at Eyðihúsum; þar kom Aron farandi einhvern dag; urðu þar þau umskipti, at Sigmundr var drepinn með skjótum atburð, því at Sigmundr var úti staddr“.

Höfundur Aronssögu þegir alveg yfir því, að Aron sveikst að Sigmundi í myrkri og myrti hann. Orðin „því at Sigmundr var úti staddr“, liggur nærri að skilja svo sem tilraun höfundar til að blekkja lesendur, þar sem Sigmundur var nú einmitt ekki úti, heldur háttaður og lá inni í rúmi sínu. Mjög líklegt er, að höfundi Aronssögu hafi ekki verið ókunnugt um það, með hverjum hætti Sigmundur var drepinn; en honum hefir ekki þótt viðeigandi að segja frá viginu öðruvísi en svo, að ekki kæmi í ljós, hvílikt níðingsverk þar var unnið.

Aron varð síðan hirðmaður Hákonar konungs og dvaldi með honum langa hríð, og segir svo í sögunni, að „konungr sjálf stóð yfir grepti“ hans, „ok mælti þar nökkurum sæmdarorðum, segir konungr, at hér hefir látizk eitt hið besta sverð af várum þegnum“.

Má af þessu sjá, að Aron Hjörleifsson hefir verið talinn einn af allramestu hreystimönnum í her Noregskonungs. Má og þá fara nærri um það, hver afburðamaður að hreysti Sigmundur snagi hefir verið, er annar eins kappi og Aron treystir sér ekki til að berjast við hann, jafnvel þó að hann sé við annan mann, en kýs heldur að glata drengskapnum og gerast morðingi.